# ENDURNÝTING

UMBÚÐA ÚR

# PLASTFILMU, STÍFU PLASTI, FRAUÐPLASTI OG ÖÐRU PLASTI

## SKILMÁLAR FYRIR ÞJÓNUSTUAÐILA OG RÁÐSTÖFUNARAÐILA

GÖGN NR.

**ÚRVS – XVIII – 02**

Mars 2006

# EFNISYFIRLIT:

Bls.


**1. ALMENNT** ... 1

1.1 FORSAGA ... 1
1.2 SKILGREININGAR HUGTAKA ... 2
1.3 YFIRLIT YFIR VERKEFNIÐ ... 4
1.4 FLÆÐIRIT ... 5

**2. SKILMÁLAR FYRIR ÞJÓNUSTUAÐILA** ... 6

*2.1.1 Umsókn þjónustuaðila* ... 6
*2.1.2 Svæðaskipting* ... 6
*2.1.3 Tungumál* ... 6
*2.1.4 Ráðstöfun umbúða* ... 6
*2.1.5 Endurgjald til þjónustuaðila* ... 7
*2.1.6 Greiðslur og reikningsskil* ... 7
*2.1.7 Greiðslur vegna flutninga. Flutningsjöfnun* ... 7
*2.1.8 Vanefndir og uppsögn* ... 8
*2.1.9 Ábyrgð og tryggingar* ... 9
*2.1.10 Umhverfismál* ... 9
*2.1.11 Umsjón og eftirlit* ... 9
*2.1.12 Lög og reglugerðir* ... 10
*2.1.13 Ágreiningsmál* ... 10

**3. VERKLÝSING FYRIR ÞJÓNUSTUAÐILA** ... 11

3.1 UM VERKIÐ ... 11
*3.1.1 Umbúðir og skil þeirra* ... 11
*3.1.2 Greiðslur til sveitarfélaga* ... 11
*3.1.3 Starfssvæði* ... 11
*3.1.4 Flæðirit* ... 11
*3.1.5 Vigtun umbúða* ... 11
*3.1.6 Búnaður og aðstaða* ... 12
*3.1.7 Gagnaskráning* ... 12
*3.1.8 Söfnunarstöðvar sveitarfélaga* ... 12
*3.1.9 Þjónustustig* ... 12
*3.1.10 Framvinda verks* ... 12
3.2 RÁÐSTÖFUNARLEIÐIR ... 12
*3.2.1 Endurvinnsla* ... 13
*3.2.2 Orkunýting* ... 13
*3.2.3 Nýir ráðstöfunaraðilar – ráðstöfunarflokkar* ... 13

**4. SKILMÁLAR FYRIR RÁÐSTÖFUNARAÐILA** ... 14

*4.1.1 Umsókn ráðstöfunaraðila* ... 14
*4.1.2 Ráðstöfun - Starfsleyfi* ... 14
*4.1.3 Tungumál* ... 14
*4.1.4 Greiðslur* ... 14
*4.1.5 Vanefndir og uppsögn* ... 14
*4.1.6 Umsjón og eftirlit* ... 14

**5. VIÐAUKAR** ... 15

5.1 ÚR LÖGUM NR. 162/2002 UM ÚRVINNSLUGJALD MEÐ BREYTINGUM 128/2004 ... 15
5.2 ÚR BREYTINGUM Á LÖGUM NR. 162/2002 UM ÚRVINNSLUGJALD ... 17
5.3 ÚR REGLUGERÐ NR. 1124/2005 UM ÚRVINNSLUGJALD ... 18
5.4 DÆMI UM VÖRUR OG VÖRUFLOKKA SEM FALLA UNDIR SKILMÁLANA ... 20
5.5 SÖFNUNARSTÖÐVAR ... 21
5.6 LÖGGILTAR BÍLAVOGIR Á ÍSLANDI ... 24
5.7 SKRÁÐIR RÁÐSTÖFUNARAÐILAR UMBÚÐA HJÁ ÚRVINNSLUSJÓÐI ... 26

**6. EYÐUBLÖÐ** ... 27

6.1 UMSÓKN ÞJÓNUSTUAÐILA TIL ÚRVINNSLUSJÓÐS ........ 27
6.2 UMSÓKN RÁÐSTÖFUNARAÐILA TIL ÚRVINNSLUSJÓÐS ........ 29
6.3 SKILAGREIN ÞJÓNUSTUAÐILA ........ 30

# 1. ALMENNT

## 1.1 Forsaga

Í tilskipun Evrópusambandsins koma fram markmið um umbúðir og umbúðaúrgang til ársins 2011. Reglugerð 609/1996 um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs, með síðari breytingum kveður á um þau markmið sem Ísland skal uppfylla:

> Markmið þessarar reglugerðar er að tryggja að umbúðaúrgangur hafi sem minnst skaðleg áhrif á umhverfið. Jafnframt er það markmið reglugerðarinnar að draga úr því magni umbúða sem er fargað, að minnka heildarrúmmál umbúða, að koma í veg fyrir myndun umbúðaúrgangs og að stuðla að endurnotkun umbúða og endurnýtingu umbúðaúrgangs.
>
> Frá 1. júlí 2001 skal minnst 50% og mest 65% af þyngd umbúðaúrgangs endurnýtt eða brennt í sorpbrennslustöð með orkuvinnslu
>
> Innan þeirra marka og á sama tíma, og um getur í 1. mgr., skal minnst 25% og mest 45% af þyngd allra umbúðaefna í umbúðaúrgangi endurunnið, þar af minnst 15% af þyngd allra umbúðaefna í umbúðaúrgangi fyrir hverja tegund umbúðaefnis.
>
> Eftir 31. desember 2011 skal minnst 60% af þyngd umbúðaúrgangs endurnýtt eða brennt í sorpbrennslustöð með orkuvinnslu.
>
> Innan þeirra marka og á sama tíma og um getur í 3. mgr., skal að lágmarki ná eftirfarandi markmiðum í endurvinnslu einstakra umbúðaefna í umbúðaúrgangi fyrir hverja tegund umbúðaefnis;
>
> | | |
> |---|---|
> | a. | 60% af þyngd fyrir gler |
> | b. | 60% af þyngd fyrir pappír og pappa |
> | c. | 50% af þyngd fyrir málma |
> | d. | 22,5% af þyngd fyrir plast, þar sem eingöngu er tekið mið af plasti sem er endurunnið aftur í plast |
> | e. | 15% af þyngd fyrir timbur. |

Lög nr. 162/2002 fjalla um Úrvinnslusjóð og hlutverk hans. Þar eru umbúðir skilgreindar. Alþingi hefur samþykkt breytingar á lögum um úrvinnslugjald sem fela í sér að frá 1. janúar 2006 verður lagt úrvinnslugjald á allar umbúðir úr pappa, pappír og plasti sem fara á markað.

Innflytjendum er gert skylt að gefa upp magn flutnings- og söluumbúða utan um vöru sem flutt er til landsins ásamt magni umbúða sem fluttar eru til landsins sem slíkar. Jafnframt skulu innlendir umbúðaframleiðendur gefa upp magn seldra umbúða.

Álagning úrvinnslugjalds á pappa, pappír og plast er liður í að uppfylla skyldur sem Íslendingar hafa gengist undir með þátttöku í Evrópska efnahagssvæðinu og felast í að ná ákveðnum árangri í endurvinnslu. Álagningin er í samræmi við mengunarbótaregluna, þ.e. að sá sem mengar ber kostnaðinn af menguninni. Úrvinnslugjald á að virka sem hvati til að minnka umbúðanotkun.

Reglugerð nr. 1124/2005, um úrvinnslugjald fjallar nánar um framkvæmd laganna. Úrvinnslusjóður annast framkvæmd laganna. Lögin má nálgast á vef Alþingis: **www.althingi.is** eða á vef Úrvinnslusjóðs: **www.urvinnslusjodur.is**.

## 1.2 Skilgreiningar hugtaka

- **Umbúðir:** Í lögum um Úrvinnslusjóð eru umbúðir skilgreindar, sjá kafla 5.2. Í kafla 5.3 er einnig hluti reglugerðar 1124/2005, með tilheyrandi viðauka.

  Umbúðir eru skv. Reglugerð 1124/2005 allar vörur, af hvaða tegund sem er og úr hvaða efni sem er, sem eru notaðar við pökkun, verndun, meðhöndlun og afhendingu framleiðsluvöru, hvort sem þar er um að ræða hráefni eða fullunna vöru, til notanda eða neytanda. Nánar tiltekið eru umbúðir:

  - **söluumbúðir eða grunnumbúðir,** þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að á sölustað mynda þær sölueiningu fyrir notanda eða neytanda,
  - **safnumbúðir**, þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að á sölustað mynda þær safn tiltekins fjölda sölueininga, hvort sem þær eru seldar sem slíkar til notanda eða neytanda eða aðeins notaðar til að fylla í hillur á sölustað; hægt er að taka þær utan af vörunni án þess að það hafi áhrif á eiginleika hennar,
  - **flutningsumbúðir,** þ.e. umbúðir þannig gerðar að þær auðvelda meðhöndlun og flutning nokkurra sölueininga eða safnumbúða til að koma í veg fyrir tjón við meðhöndlun og flutning; gámar til vöru- flutninga á landleiðum, með skipum og flugvélum eru ekki taldir til flutningsumbúða

- **Plastumbúðir** er hér notað sem samheiti fyrir umbúðir úr plastfilmu (allar plasttegundir), „stíft" plast (svo sem brúsa, tunnur, ker), stórsekki, frauðplast (EPS) og annað sem talist getur til plastumbúða. Sjá nánari lýsingu á vörum og vöruflokkum í köflum 5.3 og 5.4.
  Sérstakir skilmálar Úrvinnslusjóðs fjalla um endurnýtingu heyrúlluplasts og fellur það því ekki undir þessa skilmála þótt á það sé lagt úrvinnslugjald.

- **Endurnotkun**: Endurtekin notkun úrgangs í óbreyttri mynd.

- **Endurnýting**: Hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun, þ.m.t. endurvinnsla og orkuvinnsla. Með endurvinnslu umbúða er átt við hvers konar vinnslu þar sem til verður seljanleg vara, hráefni eða aðföng til framleiðslu. Brennsla er endurnýting svo fremi sem orkan sé nýtt á hagnýtan hátt. Aðferðir við endurnýtingu verða að vera viðurkenndar af þar til bærum yfirvöldum og starfsleyfi að liggja fyrir.

- **Endurvinnsla**: Framleiðsluferli úrgangsefna er endurtekið í upphaflegurm tilgangi eða öðrum tilgangi. Undanskilin er endurnýting orku sem felst í að nota brennanlegan úrgang til að framleiða orku með því að brenna hann beint, einan sér eða með öðrum úrgangi þar sem hitinn er nýttur.

- **Móttökustöð**: Samkvæmt skilgreiningu í lögum um Úrvinnslugjald er móttökustöð „staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar, endurnýtingar, endurnotkunar eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðvar og förgunarstaðir." (T.d. Sorpa-Gufunesi)

- **Söfnunarstöð** (gámastöð): Staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva. Hér undir falla söfnunarstöðvar sem Sorpa kallar endurvinnslustöðvar, en ekki grenndarstöðvar.

- **Grenndarstöðvar (grenndargámar):** Staður og aðstaða þar sem einn eða fleiri gámar eru staðsettir og íbúar geta skilað af sér flokkuðum úrgangi. Grenndargámar geta verið í íbúðahverfum, við verslanir eða í sveitum, t.d. við sumarbústaðahverfi.

Þaðan fer úrgangurinn á söfnunarstöð, til móttökustöðvar eða beint í endurnotkun/nýtingu. Við grenndargáma eru ekki starfsmenn og eru gámarnir opnir allan sólarhringinn.

- **Þjónustuaðili**: Hver sá sem þjónar Úrvinnslusjóði við endurnýtingu umbúða. Hann semur við söfnunar- og móttökustöðvar, sér um flutning umbúða frá þeim, flokkar, (for)vinnur og ráðstafar síðan unnum umbúðum á viðurkenndan hátt í viðurkennda farvegi.

- **Ráðstöfunaraðili**: Sá sem tekur við umbúðum til endanlegrar endurnýtingar. Hann getur verið t.d. sorpbrennslustöð, endurvinnslufyrirtæki, erlendur kaupandi o.s.frv. Ráðstöfunaraðilar skulu vera skráðir hjá Úrvinnslusjóði sem viðurkenndir ráðstöfunaraðilar umbúða. Lista yfir þá er að finna í kafla 5.7 og uppfærðan lista er alltaf að finna á vef Úrvinnslusjóðs, **www.urvinnslusjodur.is**

  Ráðstöfunaraðili getur ekki samtímis verið þjónustuaðili.

- **Starfsstöð**: Starfsstöð þjónustuaðila er varanlegt vinnusvæði þar sem hann hefur vélbúnað sinn og stundar forvinnslu eða vinnslu umbúða. Þjónustuaðila er heimilt að taka við umbúðum í starfsstöð sinni frá þeim sem sjálfir kjósa að losa sig við umbúðir.

- Önnur helstu hugtök eru skilgreind í 2. grein laga nr. 162/2002, sjá kafla 5.1.

## 1.3 Yfirlit yfir verkefnið

Verkefnið felst í úrvinnslu notaðra plastumbúða. Það felur í sér að sækja umbúðir til skilgreindra söfnunarstöðva, móttökustöðva og til þeirra fyrirtækja sem semja beint við þjónustuaðilann, meðhöndlun umbúðanna (ef þarf) fyrir endurnýtingu. Meðhöndlun eða vinnsla umbúða hjá þjónustuaðila getur t.d. falist í flokkun, hreinsun og/eða böggun.

Flæðirit í kafla 1.4 sýnir hvernig fyrirkomulagi er háttað. Þar sjást þrír meginþættir þess ferlis sem tekur við eftir að notandi umbúða skilar þeim í söfnunarstöð eða móttökustöð. Einnig er sýnt hvernig umbúðir geta farið framhjá sorphirðukerfi sveitarfélags beint til ráðstöfunaraðila fyrir tilstilli þjónustuaðila.

Fleiri en einn þjónustuaðili getur þjónað hverju svæði – ekki eru nein takmörk fyrir fjölda þjónustuaðila. Samningar milli einstakra fyrirtækja/sorpsamlaga og þjónustuaðila eru á ábyrgð samningsaðila og án aðkomu Úrvinnslusjóðs.

Með samningi um þjónustu við svæði skuldbindur þjónustuaðili sig til að sinna öllum beiðnum frá söfnunarstöðvum sveitarfélaga og gildir þá einu hvort fleiri aðilar hafi samning um svæðið.

Úrvinnslusjóður hefur sett verklagsreglur og skilmála fyrir þá sem óska eftir að þjóna sjóðnum við endurnýtingu umbúða. Einnig hefur sjóðurinn ákveðið endurgjald fyrir þá þjónustu.

Gildandi gjaldskrá er að finna á vef Úrvinnslusjóðs, **www.urvinnslusjodur.is**

Þjónustuaðili semur við söfnunarstöð, sér um flutning og vinnslu og ráðstafar síðan (for)unnum umbúðum í viðurkennda farvegi. Þjónustuaðili (merktur “Þ1”, “Þ2” …. á flæðiriti) er viðsemjandi Úrvinnslusjóðs. Þjónustuaðilinn gerir samninga við söfnunarstöðvar, móttökustöðvar, hugsanlega einstök fyrirtæki og ráðstöfunaraðila. Þjónustuaðilinn sér um greiðslur til ráðstöfunaraðila. Þjónustuaðilinn sér um vigtun og gagnaskráningu og fær greitt frá Úrvinnslusjóði samkvæmt vigtarnótum og staðfestingu ráðstöfunaraðila.
Þjónustuaðili skal halda skrá yfir magn umbúða sem hann sækir, tekur á móti og ráðstafar.

Í kafla 2 eru skilmálar fyrir þjónustuaðila og í kafla 3 er verklýsing fyrir þjónustuaðila. Kafli 4 inniheldur skilmála fyrir ráðstöfunaraðila. Aldrei verður um að ræða beinar greiðslur til ráðstöfunaraðila frá Úrvinnslusjóði. Ekki er sérstök verklýsing fyrir ráðstöfunaraðila enda gert ráð fyrir að hver og einn hafi sitt verklag og tilheyrandi starfsleyfi.

Þegar gefnir eru út nýir skilmálar, sem taka við af eldri skilmálum vegna endurnýtingar ákveðins úrgangs, taka þeir sjálfkrafa yfir skilmála er varða viðkomandi úrgang. Gildandi samningar við þjónustuaðila, sem gerðir eru í samræmi við eldri skilmálana, ganga sjálfkrafa inn undir nýju skilmálana. Þjónustuaðilum er þá tilkynnt skriflega um nýja skilmála. Nýjustu skilmálar eru ávallt aðgengilegir á heimasíðu sjóðsins **www.urvinnslusjodur.is**. Úrvinnslusjóður gerir ekki samninga við ráðstöfunaraðila og nýir skilmálar hafa ekki áhrif á stöðu þeirra.

Þjónustuaðilar sem eru með gildandi samninga skv. skilmálum um flutningsumbúðir úr bylgjupappa og plastfilmu starfa frá 1. mars 2006 eftir þessum skilmálum, geri þeir ekki athugasemdir þar um.

## 1.4 Flæðirit


FLÆÐIRIT
SÖFNUNAR- OG MÓTTÖKUSTÖÐVAR
ÞJÓNUSTUAÐILAR
RÁÐSTÖFUNARAÐILAR
ALMENNINGUR
FYRIRTÆKI 1
FYRIRTÆKI 2
SÖFNUNARSTÖÐ 1
MÓTTÖKUSTÖÐ 1
SÖFNUNARSTÖÐ 2
VOG
Þ1 Flokkun Flutningur
Þ2 Flokkun Flutningur
Þ3 Flokkun Flutningur
ENDURNÝTING Á ÍSLANDI
SKRÁÐUR ENDURNÝTINGARAÐILI ERLENDIS
UMBOÐSAÐILI Á ÍSLANDI MEÐ TENGSL VIÐ ENDUR-NÝTINGARAÐILA ERLENDIS
ÚRVINNSLUSJÓÐUR
UPPLÝSINGAR FRÁ ÞJÓNUSTUAÐILUM ÁSAMT STAÐFESTINGU RÁÐSTÖFUNARAÐILA Á MAGNI MÓTTEKINNA UMBÚÐA ERU GRUNDVÖLLUR GREIÐSLU TIL ÞJÓNUSTUAÐILA.
GREIÐSLUR FRÁ ÚRVINNSLUSJÓÐI ERU AÐEINS TIL ÞJÓNUSTUAÐILA. ÞEIR GERA SAMNINGA VIÐ SÖFNUNAR-STÖÐVAR, FYRIRTÆKI OG RÁÐSTÖFUNARAÐILA.
ÞJÓNUSTUAÐILAR SKILA UPPLÝSINGUM UM MÓTTEKIÐ MAGN OG HVAÐAN ÞAÐ KEMUR. FLUTNINGSJÖFNUNAR-GREIÐSLUR TIL ÞJÓNUSTUAÐILA MIÐAST VIÐ ÞAÐ.
Skýring:
= Vigtarnótur
VGK Verkfræðistofa
FEBRÚAR 2006

# 2. SKILMÁLAR FYRIR ÞJÓNUSTUAÐILA

### 2.1.1 Umsókn þjónustuaðila

Þeir sem hyggjast vinna fyrir Úrvinnslusjóð sækja um þátttöku í verkefninu til sjóðsins. Allar umbeðnar upplýsingar skulu fylgja umsókn. Umsóknareyðublað og samningsform er í kafla 6.1. Farið verður með allar framlagðar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Umsækjandi skal leggja fram staðfestingu á að vinnsla hans á plastumbúðum eða ráðstöfun sé samþykkt af þar til bærum yfirvöldum. Þjónustuaðili skal leggja fram gögn sem sýna hve mikið magn af plastumbúðum hann má hafa á hverjum tíma í hverri starfsstöð. Takmarkanir gætu verið í starfsleyfi af hálfu skipulagsyfirvalda, vegna brunavarna eða af öðrum orsökum. Hámarksmagnið er skráð í samning milli þjónustuaðila og Úrvinnslusjóðs.

Umsækjendur skulu vera í skilum með opinber gjöld og lögboðin iðgjöld í lífeyrissjóði.

### 2.1.2 Svæðaskipting

Landinu hefur verið skipt upp í átta þjónustusvæði. Þjónustuaðili getur valið hvaða svæði eða svæðum hann óskar að þjóna.

Í kafla 5.5 er listi yfir þær söfnunarstöðvar sem tilheyra hverju svæði ásamt númerum svæðanna sem eru oftast póstnúmer viðkomandi staðar. Í samningi þjónustuaðila kemur fram hvaða svæði/svæðum hann hyggst þjóna. Á hverju svæði geta verið ein eða fleiri söfnunarstöðvar. Með samningi um þjónustu við svæði skuldbindur þjónustuaðili sig til að sinna öllum beiðnum frá söfnunarstöðvum og gildir þá einu hvort fleiri hafi samning um svæðið eða ekki. Fleiri en einn þjónustuaðili getur þjónað hverju svæði – ekki eru takmörk fyrir fjölda þjónustuaðila á hverju svæði. Grein 3.1.9 fjallar um lágmarksmagn sem sækja þarf í einu til söfnunarstöðvar. Samningar milli einstakra fyrirtækja/sorpsamlaga, sveitarfélaga og þjónustuaðila eru á ábyrgð samningsaðila og án aðkomu Úrvinnslusjóðs.

### 2.1.3 Tungumál

Allar upplýsingar um þjónustuaðila og samskipti við hann skulu vera á íslensku. Upplýsingar um tækjabúnað mega vera á íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku.

### 2.1.4 Ráðstöfun umbúða

Þjónustuaðila er einungis heimilt að ráðstafa umbúðum til viðurkenndra ráðstöfunaraðila, samanber grein 1.2. Hyggist þjónustuaðili skipta við ráðstöfunaraðila sem ekki er á skrá Úrvinnslusjóðs skal sá ráðstöfunaraðili sækja um skráningu hjá sjóðnum. Skilmála fyrir ráðstöfunaraðila er að finna í kafla 4.

### 2.1.5 Endurgjald til þjónustuaðila

Greiðslur til þjónustuaðila verða samkvæmt töflunni að neðan. Gildandi gjaldskrá á hverjum tíma er að finna á vef Úrvinnslusjóðs, www.urvinnslusjodur.is.

| RÁÐSTÖFUN | FRAUÐPLAST | PLASTFILMA, STÍFT PLAST OG ANNAÐ PLAST |
|---|---|---|
| | Endurgjald [ kr/kg ] án vsk | Endurgjald [ kr/kg ]án vsk |
| **ENDURNÝTING:** **ENDURVINNSLA** - innanlands eða erlendis Endurvinnsla þar sem til verður seljanleg vara, hráefni eða aðföng til framleiðslu. **ORKUNÝTING** - innanlands eða erlendis Brennsla með orkunýtingu. | 30 | 15 |

### 2.1.6 Greiðslur og reikningsskil

Greitt verður fyrir verkið eftir framlögðum reikningum samkvæmt gjaldskrá Úrvinnslusjóðs. Reikningi skal fylgja staðfesting á magni frá viðkomandi ráðstöfunaraðila. Einnig skal fylgja á rafrænu formi yfirlit yfir hvaðan umbúðirnar komu og hvernig þeim var ráðstafað, ásamt upplýsingum um birgðir hjá þjónustuaðilanum – sjá 3.1.7.

Takist þjónustuaðila að finna ráðstöfunarleið sem gefur honum tekjur skerðir það ekki greiðslur samkvæmt skilmálum Úrvinnslusjóðs.

### 2.1.7 Greiðslur vegna flutninga. Flutningsjöfnun

Greitt verður fyrir flutning umbúðanna. Greiðslan, hér eftir kölluð flutningsjöfnun, samsvarar flutningi frá upprunastað umbúðanna til Reykjavíkur. Staðsetning endurnýtingarstaðar hefur engin áhrif á þessa greiðslu. Ávallt er miðað við ódýrasta kost í flutningum. Til dæmis er greitt fyrir umbúðir frá Austurlandi sem lausaflutning til Akureyrar en baggað og flutt í gámi frá Akureyri til Reykjavíkur.

Í kafla 6.3 er sýnishorn af skilagrein þjónustuaðila fyrir umbúðir. Formið má nálgast sem excel skjal á vef Úrvinnslusjóðs, www.urvinnslusjodur.is og ber þjónustuaðila að nota það sbr. kafla 2.1.6. Við útfyllingu skjalsins munu allir gulir reitir reiknast sjálfkrafa. Á grænum reitum eru tölur af fyrri skilagrein.

Við greiðslu flutningsjöfnunar verður notað einingarverð sem er vegið meðaltal af útreiknaðri flutningsjöfnun. Þetta er gert til einföldunar enda útilokað að fylgjast með af hvaða upprunastað umbúðir, sem verið er að ráðstafa, komu. Einingarverðin byggja á póstnúmerum söfnunar- og móttökustöðva og miðast við vegalengdir. Þegar ekki er ráðstafað öllum umbúðum af lager er haldið eftir flutningsjöfnun sem samsvarar því magni sem eftir stendur.

Ef endurnýting fer fram hjá viðurkenndum ráðstöfunaraðila á Íslandi greiðist sama flutningsjöfnun þótt endurnýtingarstaðurinn sér nær upprunastað umbúðanna heldur en Reykjavík. Þetta er gert til að einfalda umsýslu og eftirlit með kerfinu.

| Póstnúmer | Upprunastaður pappa eða plasts | Greitt í flutningsjöfnun [kr/kg] |
|---|---|---|
| 100 | Reykjavík | 0,00 |
| 230 | Keflavík | 4,04 |
| 240 | Grindavík | 4,13 |
| 245 | Sandgerði | 4,22 |
| 300 | Akranes | 4,06 |
| 310 | Borgarnes | 4,61 |
| 320 | Reykholt í Borgarfirði | 5,39 |
| 340 | Stykkishólmur | 6,80 |
| 350 | Grundarfjörður | 6,89 |
| 355 | Ólafsvík | 7,29 |
| 360 | Hellissandur | 7,51 |
| 370 | Búðardalur | 6,38 |
| 400 | Ísafjörður | 13,08 |
| 415 | Bolungarvík | 13,38 |
| 425 | Flateyri | 12,90 |
| 430 | Suðureyri | 13,23 |
| 450 | Patreksfjörður | 11,84 |
| 460 | Tálknafjörður | 11,86 |
| 465 | Bíldudalur | 11,48 |
| 470 | Þingeyri | 12,01 |
| 510 | Hólmavík | 9,05 |
| 530 | Hvammstangi | 7,35 |
| 540 | Blönduós | 8,37 |
| 545 | Skagaströnd | 8,88 |
| 550 | Sauðárkrókur | 9,41 |
| 560 | Varmahlíð | 9,20 |
| 565 | Hofsós | 10,04 |
| 580 | Siglufjörður | 10,55 |
| 600 | Akureyri | 4,13 |
| 610 | Grenivík | 7,97 |
| 620 | Dalvík | 8,10 |
| 625 | Ólafsfjörður | 8,48 |
| 640 | Húsavík | 9,14 |
| 660 | Reykjahlíð við Mývatn | 9,32 |
| 670 | Kópasker | 11,28 |
| 675 | Raufarhöfn | 12,47 |
| 680 | Þórshöfn | 13,82 |
| 685 | Bakkafjörður | 13,09 |
| 690 | Vopnafjörður | 12,32 |
| 700 | Egilsstaðir | 12,98 |
| 710 | Seyðisfjörður | 13,58 |
| 720 | Bakkagerði Borgarfirði | 14,55 |
| 730 | Reyðarfjörður | 13,73 |
| 735 | Eskifjörður | 13,29 |
| 740 | Neskaupstaður | 14,55 |
| 750 | Fáskrúðsfjörður | 14,09 |
| 755 | Stöðvarfjörður | 14,60 |
| 760 | Breiðdalsvík | 14,82 |
| 765 | Djúpivogur | 15,22 |
| 780 | Höfn í Hornafirði | 13,12 |
| 800 | Selfoss | 4,26 |
| 815 | Þorlákshöfn | 4,13 |
| 820 | Eyrarbakki | 4,30 |
| 840 | Laugarvatn | 5,05 |
| 850 | Hella | 5,05 |
| 860 | Hvolsvöllur | 5,34 |
| 870 | Vík í Mýrdal | 7,11 |
| 880 | Kirkjubæjarklaustur | 8,72 |
| 900 | Vestmannaeyjar | Ekki fl.jöfnun |

Breytingar eru háðar síðari ákvörðunum stjórnar Úrvinnslusjóðs.

### 2.1.8 Vanefndir og uppsögn

Þjónustuaðili skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum. Komi til vanefnda er Úrvinnslusjóði heimilt að fella niður greiðslur eða beita lögformlegum vanefndaúrræðum.

Þjónustuaðili er að fullu ábyrgur fyrir tjóni sem Úrvinnslusjóður kann að verða fyrir vegna vanefnda. Um bótaskyldu fer skv. ákvæðum skaðabótalaga.

Úrvinnslusjóður getur án frekari fyrirvara sagt upp samningi leiti þjónustuaðili nauðasamninga, greiðslustöðvunar, er úrskurðaður gjaldþrota eða gert er hjá honum árangurslaust fjárnám. Komi til uppsagnar er ráðstöfun uppsafnaðra plastumbúða hjá þjónustuaðila á hans ábyrgð.

Úrvinnslusjóði er heimilt að segja upp samningi með 3ja mánaða fyrirvara komi til ítrekaðra vanefnda af hálfu þjónustuaðila. Skal þjónustuaðili strax við uppsögn samnings hætta söfnun og móttöku umbúða. Hann hefur þrjá mánuði til að losa sig við umbúðir sem kunna að vera í hans vörslu. Ef starfsleyfi þjónustuaðila er útrunnið og frestur til endurnýjunar þess einnig skal þjónustuaðili þegar hætta söfnun og móttöku en hefur þrjá mánuði til að losa sig við umbúðir sem kunna að vera í hans vörslu.

Dæmi um hugsanlegar vanefndir:

- Skilagreinum með reikningum er ítrekað ábótavant.
- Umbúðum er ráðstafað til annarra en viðurkenndra og skráðra ráðstöfunaraðila.
- Ósk um tæmingu hjá söfnunarstöð er ekki sinnt.
- Umbúðir sóttar á önnur svæði en samningur kveður á um.
- Magn umbúða í vörslu þjónustuaðila er meira en samningur kveður á um.

### 2.1.9 Ábyrgð og tryggingar

Þjónustuaðili ber ábyrgð á verkefninu og framkvæmd þess, þar með töldum verkum undirverktaka sinna. Þjónustuaðili ber auk þess ábyrgð á tjóni er Úrvinnslusjóður eða þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd verksins.

Þjónustuaðili skal kaupa allar skyldutryggingar sem lög og reglugerðir kveða á um.

Ennfremur skal þjónustuaðili að lágmarki kaupa eftirtaldar tryggingar:

Ábyrgðartryggingu vegna tjóns sem þriðji aðili kann að verða fyrir vegna starfsemi þjónustuaðila og vinnu starfsmanna hans.

Þjónustuaðili skal hafa í gildi allar tryggingar vegna starfsmanna sinna í samræmi við ákvæði kjarasamninga.

Þjónustuaðili skal afhenda Úrvinnslusjóði afrit af öllum tryggingaskírteinum, ásamt staðfestingu viðkomandi tryggingafélags á gildi þeirra, verði þess óskað. Umbúðir sem eru á athafnasvæði þjónustuaðila eða í umsjá hans eru á ábyrgð þjónustuaðila.

### 2.1.10 Umhverfismál

Þjónustuaðili skal í hvívetna gera sér far um að ná sem bestum árangri við framkvæmd verkefnisins.
Þjónustuaðili skal halda athafnasvæðum, vélum og verkfærum þannig að það sé honum sjálfum og verkkaupa til sóma. Ennfremur skal þjónustuaðili leitast við að valda sem minnstu ónæði og raski vegna verksins.

### 2.1.11 Umsjón og eftirlit

Fulltrúar Úrvinnslusjóðs skulu ávallt hafa ótakmarkaðan aðgang að vinnusvæðum þjónustuaðila og ráðstöfunaraðila. Þjónustuaðili skal tryggja það gagnvart ráðstöfunaraðilum. Úrvinnslusjóður athugar á samningstíma uppgjör, vigtun og annan frágang þjónustuaðila.

### 2.1.12 Lög og reglugerðir

Samningsaðilar lúta í einu og öllu íslenskum lögum og reglugerðum.

### 2.1.13 Ágreiningsmál

Málum sem kunna að rísa út af verkefni þessu skal vísa til Héraðsdóms Reykjavíkur.

# 3. VERKLÝSING FYRIR ÞJÓNUSTUAÐILA

## 3.1 Um verkið

### 3.1.1 Umbúðir og skil þeirra

Almenningur skilar umbúðum til söfnunarstöðva sveitarfélaga/sorpsamlaga víðs vegar um landið. Fyrirtæki skila umbúðum til móttökustöðva eða ef um minna magn er að ræða til söfnunarstöðva. Umbúðirnar eiga að vera án aðskotahluta.

Verkefni þjónustuaðila, samkvæmt skilmálum þessum er að sækja umbúðirnar til söfnunar-, og móttökustöðva og koma þeim til hæfra ráðstöfunaraðila. Þjónustuaðilinn getur líka samið við fyrirtæki um að sækja umbúðir beint til þeirra.

### 3.1.2 Greiðslur til sveitarfélaga

Úrvinnslusjóður greiðir sveitarfélögum og sorpsamlögum fyrir móttöku, meðferð og geymslu umbúða í söfnunar- og móttökustöðvum – sjá 3.1.5.

### 3.1.3 Starfssvæði

Í kafla 5.5 eru upplýsingar um starfssvæði I - VIII.

### 3.1.4 Flæðirit

Í kafla 1.4 er FLÆÐIRIT, sem sýnir hvernig þjónustuaðilar Úrvinnslusjóðs sjá um að flytja umbúðir, forvinna þær ef með þarf, og skila þeim síðan til ráðstöfunaraðila til endurnýtingar. Öll hleðsla og losun flutningstækja er þar með talin.

Á grundvelli vigtunar til ráðstöfunaraðilans fær þjónustuaðilinn greitt samkvæmt gildandi gjaldskrá Úrvinnslusjóðs.

Þjónustuaðilinn semur sjálfur við söfnunarstöðvar/sorpsamlög um fyrirkomulag losunar umbúða frá söfnunarstöðvum. Hann getur líka samið beint við t.d. fyrirtæki, heildverslanir, smásöluverslanir o.s.frv. um að sækja til þeirra umbúðir.

### 3.1.5 Vigtun umbúða

Umbúðir frá hverri söfnunarstöð og móttökustöð skal vigta á löggiltri vog. Vigtun frá söfnunarstöð er grundvöllur gjalds sem Úrvinnslusjóður greiðir viðkomandi sveitarfélagi, söfnunarstöð /sorpsamlagi, beint og án milligöngu þjónustuaðila, fyrir meðhöndlun og geymslu. Þyngdina skal gefa upp í skrá fyrir móttekið magn, samanber grein 3.1.7.

Umbúðir sem sóttar eru til einstakra fyrirtækja skal vigta og skrá. Minni skömmtum og stökum umbúðum sem berast þjónustuaðila t.d. beint frá almenningi má safna saman og vigta sem heild, t.d. einn fullan gám. Þessi vigtun er trúnaðarmál þjónustuaðila og Úrvinnslusjóðs og er m.a. til að auðvelda eftirlit með skilum úrvinnslugjalds. Þjónustuaðila er með öllu óheimilt að upplýsa þriðja aðila um vigt frá einstökum fyrirtækjum. Úrvinnslusjóður fer með þessar upplýsingar sem trúnaðarmál. Fyrirtækin geta sjálf fengið upplýsingar um vigtun frá sjálfum sér hjá Úrvinnslusjóði.

Vigtun inn til ráðstöfunaraðila á löggiltri vog er grundvöllur greiðslu til þjónustuaðila. Þessi vog getur verið hvort sem er löggilt vog í starfsstöð ráðstöfunaraðilans eða önnur löggilt vog t.d. hafnarvog, sem samningaðilar verða fyrirfram ásáttir um að nota. Í kafla 5.6 er listi yfir löggiltar vogir.

Þjónustuaðili greiðir í öllum tilfellum kostnað vegna vigtunar. Vigtun umbúða sem fluttar eru úr landi skal fara fram á Íslandi.

### 3.1.6 Búnaður og aðstaða

Þjónustuaðili skal leggja til og útvega allan búnað, aðstöðu og annað sem þarf til að framkvæma verkið samkvæmt verklýsingu þessari og skilmálum.

Ekki er gerður greinarmunur á hvort þjónustuaðili notar eigin flutningatæki og mannskap eða hvort hann nýtir sér undirverktaka. Þjónustuaðili stendur sjálfur skil á greiðslum til undirverktaka.

Þjónustuaðili fær ekki neina greiðslu samsvarandi söfnunarstöðvagjaldi sem Úrvinnslusjóður greiðir söfnunarstöðvum sveitarfélaga/sorpsamlaga.

### 3.1.7 Gagnaskráning

Þjónustuaðili skal halda skrá yfir móttekið magn og magn sem fer til ráðstöfunaraðila. Jafnframt skal gera grein fyrir birgðum. Gagnaskrá skal senda með hverjum reikningi til Úrvinnslusjóðs, en þó ekki sjaldnar en á 3 mánaða fresti vegna uppgjörs við sveitarfélög. Gagnaskrá skal vera á tölvutæku formi sem sjóðurinn samþykkir. Sjá kafla 6.3.

### 3.1.8 Söfnunarstöðvar sveitarfélaga

Sveitarfélögin eða sorpsamlög þeirra starfrækja söfnunarstöðvar (gámastöðvar). Á söfnunarstöðvum er meðal annars tekið á móti umbúðum. Umbúðir á söfnunarstöðvum eiga að vera flokkaðar og án aðskotahluta. Þjónustuaðila er ætlað að sækja umbúðir til allra söfnunarstöðva á því svæði sem hann hefur valið að þjóna. Söfnunarstöðvar þann 1.2.2005 eru í töflu í kafla 5.5.

### 3.1.9 Þjónustustig

Þjónustuaðili skal sækja umbúðir reglulega til söfnunarstöðva sem eru á því svæði sem hann hefur valið að þjónusta. Hleðsla og losun flutningatækja er innifalin og hugsanlega meðhöndlun. Tíðni verður háð magni sem berst og óskum viðkomandi sveitarfélags. Ekki er þó gerð krafa um að sótt sé minna magn í einu en 10m³ í hvert sinn sem söfnunarstöð óskar. Eigi að síður skal gera ráð fyrir tæma a.m.k. árlega hjá hverri stöð nema sveitarstjórn sættist á annað. Afrit af slíku samkomulagi við sveitarstjórn skal senda Úrvinnslusjóði.

### 3.1.10 Framvinda verks

Þjónustuaðili skal kappkosta að vinna umbúðir jafnóðum og þær berast. Ekki má safna upp í starfsstöð(vum) meira magni samanlagt en því sem tiltekið er í samningi við Úrvinnslusjóð.

## 3.2 Ráðstöfunarleiðir

Í fyrstu grein laga nr. 161/2002 segir: „*Markmið laga þessara er að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna*.“

Þjónustuaðili skal koma umbúðum í hvern þann farveg sem talist getur endurnýting. Honum er frjálst að velja þá aðferð sem hann telur hagkvæmasta en hann skal þó sýna fram á að meðhöndlun hans öll uppfylli skilyrði heilbrigðis- og skipulagsyfirvalda.
Ráðstöfunaraðili, svo sem fyrirtæki sem framleiðir vöru eða hráefni úr umbúðunum eða t.d. sorpbrennslustöð, þarf að hafa tilskilin leyfi fyrir starfsemi sinni.

Heimilt er að flytja umbúðir úr landi í hvaða formi sem er. Skilyrði er að móttakandi erlendis, eða umboðsaðili hans hér á landi, sé skráður sem ráðstöfunaraðili hjá Úrvinnslusjóði – sjá kafla 4. Með reikningum fyrir umbúðir sem eru fluttar út skal koma móttökustaðfesting frá móttakanda vörunnar erlendis (ráðstöfunaraðila). Þjónustuaðili semur við erlendan móttakanda um greiðslur fyrir móttökuna og stendur skil á þeim. Vigtun skal fara fram á löggiltri íslenskri vog.

### 3.2.1 Endurvinnsla

Endurnýting, önnur en brennsla. Hér er átt við hvers konar vinnslu þar sem til verður seljanleg vara, hráefni eða aðföng til framleiðslu. Þjónustuaðili sýni fram á að umbúðir séu endurnýttar með aðferð sem viðurkennd er af yfirvöldum. Þjónustuaðili semur um greiðslur til vinnslunnar fyrir móttökuna og stendur skil á þeim. Með reikningum fyrir umbúðir sem fara til vinnslunnar skal fylgja vigtarnóta frá löggiltri vog um móttekið magn umbúða, ásamt staðfestingu frá vinnslustaðnum. Vogin getur verið hvort sem er vog hjá viðkomandi vinnslustað eða næsta löggilta vog, t.d. hafnarvog.

### 3.2.2 Orkunýting

Þjónustuaðila er heimilt að afhenda umbúðir til brennslu í viðurkenndri brennslustöð enda sé um hagnýta orkuvinnslu að ræða. Þjónustuaðili semur við brennslustöðvar um greiðslur fyrir móttökuna og stendur skil á þeim. Með reikningum fyrir umbúðir sem brenndar eru skal koma vigtarnóta frá löggiltri vog um móttekið magn umbúða, ásamt staðfestingu frá brennslustaðnum. Vogin getur verið hvort sem er hjá viðkomandi brennslustað eða næsta löggilta vog, t.d. hafnarvog.

### 3.2.3 Nýir ráðstöfunaraðilar – ráðstöfunarflokkar

Gert er ráð fyrir að nýir aðilar með nýjar hugmyndir um endurvinnslu eða endurnýtingu geti bæst í hóp skráðra viðurkenndra ráðstöfunaraðila hvenær sem er. Þeir senda Úrvinnslusjóði umsókn um þátttöku í verkefninu og gera grein fyrir hugmyndum sínum.

# 4. SKILMÁLAR FYRIR RÁÐSTÖFUNARAÐILA

Á vef Úrvinnslusjóðs, www.urvinnslusjodur.is, er skrá yfir viðurkennda ráðstöfunaraðila. Þar verða einnig nöfn umboðsaðila erlendra ráðstöfunaraðila. Í kafla 5.7 er skráin eins og hún var þann 1.1.2006. Nýir aðilar sem óska eftir viðurkenningu sem ráðstöfunaraðilar skulu kynna sér gögn og skilmála sem sjóðurinn setur.

### 4.1.1 Umsókn ráðstöfunaraðila

Þeir sem óska eftir að bætast á skrá Úrvinnslusjóðs yfir viðurkennda ráðstöfunaraðila fyrir umbúðir skulu skila umsókn til sjóðsins. Eyðublað er að finna í kafla 6.2.

Farið verður með framlagðar upplýsingar sem trúnaðarmál.

### 4.1.2 Ráðstöfun - Starfsleyfi

Upplýsingar um hvernig umbúðum verður ráðstafað skulu fylgja umsókn. Ráðstöfunaraðili skal hafa gilt starfsleyfi fyrir starfsemi sína. Ef hann er ekki íslenskur skal hann hafa leyfi stjórnvalda í móttökulandi til innflutnings. Ráðstöfunaraðili skal leggja fram staðfestingu á að vinnsla hans á umbúðum sé samþykkt af þar til bærum yfirvöldum.

### 4.1.3 Tungumál

Upplýsingar um ráðstöfunaraðila og tækjabúnað hans mega vera á íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku.

### 4.1.4 Greiðslur

Engar greiðslur fara milli Úrvinnslusjóðs og ráðstöfunaraðila.

### 4.1.5 Vanefndir og uppsögn

Ráðstöfunaraðili skal í einu og öllu rækja skyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum. Efni hann þær ekki er Úrvinnslusjóði heimilt að fella nafn hans af lista yfir viðurkennda ráðstöfunaraðila. Þar með brestur grundvöllur fyrir greiðslum til þjónustuaðila vegna umbúða sem ráðstafað er til viðkomandi ráðstöfunaraðila.

Safn umbúða hjá ráðstöfunaraðila er aldrei á ábyrgð Úrvinnslusjóðs.

Dæmi um hugsanlegar vanefndir:

- Staðfestingum um móttekið magn er ábótavant.
- Ráðstöfunaraðili hefur ekki endurnýjað starfsleyfi sitt.
- Sannanlegar breytingar á ráðstöfun sem ekki uppfylla kröfur um endurnýtingu

### 4.1.6 Umsjón og eftirlit

Úrvinnslusjóði er heimilt á samningstíma að athuga uppgjör, vigtun og annað er að verki lýtur.

# 5. VIÐAUKAR

## 5.1 Úr lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald með breytingum 128/2004

**I. KAFLI**
**Markmið og skilgreiningar.**
1. gr.
*Markmið.*

Markmið laga þessara er að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna.

2. gr.
*Skilgreiningar.*

Í lögum þessum er merking orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Endurnotkun:* endurtekin notkun úrgangs í óbreyttri mynd.
2. *Endurnýting:* hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun, þ.m.t. endurvinnsla og orkuvinnsla.
3. *Endurnýtingarstöð:* staður og aðstaða þar sem endurnýting úrgangs fer fram.
4. *Förgun úrgangs:* aðgerð eða ferli þegar úrgangi er umbreytt og/eða komið fyrir varanlega, svo sem urðun og sorpbrennsla.
5. *Móttökustöð:* staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar, endurnýtingar, endurnotkunar eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðvar og förgunarstaðir.
6. *Söfnunarstöð (gámastöð):* staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.
7. *Umbúðir: allar vörur, af hvaða tegund sem er og úr hvaða efni sem er, sem eru notaðar við pökkun, verndun, meðhöndlun og afhendingu framleiðsluvöru, hvort sem þar er um að ræða hráefni eða fullunna vöru, til notanda eða neytanda.*
   *Nánar tiltekið eru umbúðir:*
   *a. söluumbúðir eða grunnumbúðir, þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að á sölustað mynda þær sölueiningu fyrir notanda eða neytanda,*
   *b. safnumbúðir, þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að á sölustað mynda þær safn tiltekins fjölda sölueininga, hvort sem þær eru seldar sem slíkar til notanda eða neytanda eða aðeins notaðar til að fylla í hillur á sölustað; hægt er að taka þær utan af vörunni án þess að það hafi áhrif á eiginleika hennar,*
   *c. flutningsumbúðir, þ.e. umbúðir þannig gerðar að þær auðvelda meðhöndlun og flutning nokkurra sölueininga eða safnumbúða til að koma í veg fyrir tjón við meðhöndlun og flutning; gámar til vöruflutninga á landleiðum, með skipum og flugvélum eru ekki taldir til flutningsumbúða.*
8. *Úrgangur:* hvers kyns efni eða hlutir sem einstaklingar eða lögaðilar ákveða að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt og falla undir lög þessi.
9. *Úrvinnsla* úrgangs: söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting, pökkun og förgun úrgangs.

## II. KAFLI
## Úrvinnslugjald og ráðstöfun þess.

3. gr.

*Almennt um gjaldtöku.*

Til að stuðla að úrvinnslu úrgangs skal leggja úrvinnslugjald á vörur, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Leggja skal úrvinnslugjald á vörur hvort sem þær eru fluttar inn til landsins eða framleiddar hér á landi.

Úrvinnslugjald skal standa undir kostnaði við meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöð, flutning hans frá söfnunarstöð til móttökustöðvar eða endurnýtingarstöðvar, enda hafi verið greitt úrvinnslugjald af vörunum. Þá skal gjaldið standa undir endurnýtingu úrgangsins og förgun hans eftir því sem við á. Jafnframt skal gjaldið standa undir kostnaði við förgun þess úrgangs sem blandast hefur vöru sem greitt hefur verið úrvinnslugjald af, enda sé blöndunin hluti af eðlilegri notkun vörunnar. Úrvinnslugjald skal standa undir kostnaði vegna greiðslu skilagjalda og vegna starfsemi Úrvinnslusjóðs.

## 5.2 Úr breytingum á lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald

***Lög nr. 128/2004 um breytingar á lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald – samþykktar á Alþingi 10. des. 2004***
***- valdar greinar:***

4. gr.

Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein, 7. gr. a, svohljóðandi:
*Úrvinnslugjald á pappa-, pappírs- og plastumbúðir.*
Úrvinnslugjald skal leggja á umbúðir gerðar úr pappa og pappír, 10 kr./kg, og umbúðir gerðar úr plasti, 10 kr./kg. Úrvinnslugjald skal leggja á hvort sem umbúðir eru einar sér eða utan um vörur sem fluttar eru til landsins. Úrvinnslugjald skal lagt á samkvæmt upplýsingum gjaldskylds aðila um þyngd, tegund og samsetningu umbúða, sbr. þó 2. mgr. Þetta á einnig við um samsettar umbúðir.
Gjaldskyldur aðili skal við tollafgreiðslu gefa upp þyngd umbúða í vörusendingu til tollafgreiðslu samkvæmt staðfestum upplýsingum þar um. Ef ekki liggja fyrir upplýsingar um þyngd umbúða vöru frá framleiðanda hennar eða aðrar staðfestar upplýsingar hjá gjaldskyldum aðila skal reikna mismun á brúttó- og nettóþyngd vörusendingar að frádregnum vörubrettum. Mismunurinn af þeim útreikningi myndar álagningarstofn til greiðslu á úrvinnslugjaldi vegna viðkomandi vörusendingar. Ef engar upplýsingar liggja fyrir um mismun á brúttó- og nettóþyngd vörusendingar skal ákvarða álagningarstofn fyrir úrvinnslugjald sem nemur 15% af uppgefinni brúttóþyngd vörusendingar að frádregnum vörubrettum. Þegar álagningarstofn er reiknaður út samkvæmt þessari málsgrein skal þyngd umbúða eftir efni þeirra hlutfallslega skipt sem hér segir: 80% skal ákvarðað sem pappa- og pappírsumbúðir og 20% skal ákvarðað sem plastumbúðir nema fyrir liggi staðfestar upplýsingar um hlutfall efnis í umbúðum.
Um álagningu úrvinnslugjalds á heyrúlluplast og um skilagjald á einnota drykkjarvöruumbúðum með skilagjaldi úr áli, stáli, gleri og plastefnum fer skv. 8. gr.

6. gr.

Í stað ákvæða til bráðabirgða I–IV í lögunum koma þrjú ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
a. (I.)
Ákvæði 7. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 8. gr., sbr. viðauka III vegna einnota drykkjarvöruumbúða með skilagjaldi úr áli, stáli, gleri og plastefnum, skulu koma til framkvæmda 1. janúar 2008. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum. Úrvinnslusjóði er þó heimilt að undirbúa samning við Endurvinnsluna hf. um að ákvæði 1. mgr. komi til framkvæmda fyrir 1. janúar 2008.
Ákvæði 11. tölul. 1. mgr. 8. gr., sbr. viðauka XVII um veiðarfæri úr gerviefnum, skal koma til framkvæmda 1. september 2005.
b. (II.)

## 5.3 Úr reglugerð nr. 1124/2005 um úrvinnslugjald

**VI. KAFLI**

**Úrvinnslugjald á pappa-, pappírs- og plastumbúðir.**

**16. gr. Umbúðir**

Umbúðir eru skv. reglugerð þessari allar vörur, af hvaða tegund sem er og úr hvaða efni sem er, sem eru notaðar við pökkun, verndun, meðhöndlun og afhendingu framleiðsluvöru, hvort sem þar er um að ræða hráefni eða fullunna vöru, til notanda eða neytanda. Nánar tiltekið eru umbúðir:

1. ***söluumbúðir*** *eða* ***grunnumbúðir***, þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að á sölustað mynda þær sölueiningu fyrir notanda eða neytanda,

2. ***safnumbúðir***, þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að á sölustað mynda þær safn tiltekins fjölda sölueininga, hvort sem þær eru seldar sem slíkar til notanda eða neytanda eða aðeins notaðar til að fylla í hillur á sölustað; hægt er að taka þær utan af vörunni án þess að það hafi áhrif á eiginleika hennar,

3. ***flutningsumbúðir***, þ.e. umbúðir þannig gerðar að þær auðvelda meðhöndlun og flutning nokkurra sölueininga eða safnumbúða til að koma í veg fyrir tjón við meðhöndlun og flutning; gámar til vöru- flutninga á landleiðum, með skipum og flugvélum eru ekki taldir til flutningsumbúða

Við skilgreiningu á því hvað teljist umbúðir skal byggt á eftirfarandi viðmiðunum, sbr. og viðauka 1.

*1) Hlutir sem gegna jafnframt annars konar hlutverki en að vera umbúðir utan um vöru teljast ekki umbúðir ef hluturinn er óaðskiljanlegur hluti framleiðsluvörunnar og sé nauðsynlegur til að geyma, styðja eða varðveita vöruna á endingartíma hennar og allir þættir séu ætlaðir til notkunar, neyslu eða förgunar á sama tíma.*

*2) Hlutir skulu teljast til umbúða að því tilskyldu að þeir þjóni hlutverki umbúða. Í fyrsta lagi ef þeir eru hannaðir og ætlaðir til áfyllingar við sölu, og í öðru lagi einnota hlutir, sem eru seldir, fylltir eða hannaðir og ætlaðir til áfyllingar við sölu.*

*3) Efnisþættir umbúða og viðbótarþættir sem eru felldir inn í umbúðir teljast vera hluti af þeim umbúðum. Viðbótarþættir, sem eru hengdir beint á eða festir við framleiðsluvöru og þjóna hlutverki umbúða, teljast til umbúða nema þeir séu óaðskiljanlegur hluti vörunnar og allir þættir hennar séu ætlaðir til neyslu eða förgunar á sama tíma.*

**17. gr. Úrvinnslugjald á pappa-, pappírs- og plastumbúðir.**

Úrvinnslugjald skal leggja á umbúðir gerðar úr pappa, pappír og plasti, sbr. þó viðauka I og III í lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald. Gjaldið skal lagt á annars vegar umbúðir sem fluttar eru til landsins einar sér eða utan um vöru og hins vegar umbúðir sem framleiddar eru hér á landi. Úrvinnslugjald skal lagt á samkvæmt upplýsingum gjaldskylds aðila um þyngd, tegund og samsetningu umbúða, sbr. þó 2. mgr. Þetta á einnig við um samsettar umbúðir.

Gjaldskyldur aðili skal við tollafgreiðslu gefa upp þyngd umbúða í vörusendingu til tollafgreiðslu samkvæmt staðfestum upplýsingum þar um. Með staðfestum upplýsingum er átt við staðfestingu frá framleiðanda á gerð og þyngd allra gjaldskyldra umbúða eða upplýsingar um þyngd gjaldskyldra umbúða samkvæmt vigtun hér á landi.

Ef staðfestar upplýsingar um þyngd umbúða vöru fást ekki er gjaldskyldum aðila heimilt að greiða úrvinnslugjald í samræmi við reiknireglur sbr. XVI. viðauka laga um úrvinnslugjald.

## I. VIÐAUKI
**Dæmi til skýringar á viðmiðunum sem um getur í 2. mgr. 16. gr.**

**Dæmi til skýringar á viðmiðun (1)**
*Umbúðir*
Sælgætisöskjur
Plastfilma utan um geisladiskahulstur
*Hlutir sem eru ekki umbúðir*
Blómapottar sem er ætlað að fylgja plöntunni á líftíma hennar
Verkfærakassar
Tepokar
Vaxhúð á osti
Pylsugarnir
**Dæmi til skýringar á viðmiðun (2)**
*Umbúðir sem eru hannaðar og ætlað er að fylla við sölu*
Burðarpokar úr pappír eða plasti
Einnota diskar og bollar
Viðloðandi plastfilma
Nestispokar
Álpappír
*Hlutir sem eru ekki umbúðir*
Hræripinnar
Einnota hnífapör
**Dæmi til skýringar á viðmiðun (3)**
*Umbúðir*
Merkimiðar sem eru hengdir eða festir á vöru
*Hluti af umbúðum*
Augnhárabursti sem er hluti af lokunarbúnaði ílátsins
Límmiðar sem eru festir á annan hluta umbúðanna
Hefti
Plasthólkar
Skömmtunarbúnaður sem er hluti af lokunarbúnaði íláts fyrir þvottaefni.

## 5.4 Dæmi um vörur og vöruflokka sem falla undir skilmálana

Til viðbótar við skýringar í kafla 5.3 eru hér talin upp nokkur dæmi um plastumbúðir sem falla undir skilmála þessa.

- Plastfilma
    - Sjálflímandi pakkningafilma úr plasti. Getur verið t.d. PVC eða PE
    - Burðarpokar
    - Bóluplast til innpökkunar

- Stíft plast – ýmsar plastgerðir t.d. PP, PEHD, PELD
    - Brúsar, t.d. undan rúðuvökva fyrir bíla, frostlegi, ávaxtasafa.
    - Dósir  t.d. málningardósir úr plasti
    - Vökvaker innan úr stálgrindum, dæmigert 500-1000 lítra.

- Stórsekkir t.d. úr PP
    - Saltsekkir
    - Sekkir undan matvælum / mjöli
    - Mjölsekkir frá fiskmjölsverksmiðjum

- Frauðplast (EPS = **E**xpanded **P**oly**S**tyren) - þó ekki einangrunarplast ætlað til húsbygginga
    - Formað frauðplast utan af t.d. raftækjum
    - Kassar til matvælaflutninga t.d. grænmetiskassar
    - Frauðplastkurl notað til innpökkunar

## 5.5 Söfnunarstöðvar

Í töflunum hér að neðan eru númer stöðva samsvarandi póstnúmerum, nema þar sem fleiri en ein stöð er á sama póstsvæði, þar er tilbúið númer.

**SVÆÐI I**

| | Sorpsamlag / númer stöðvar | Söfnunarstaður - söfnunarstöð |
|---|---|---|
| Svæði I | **Sorpa** | |
| | **101** | Reykjavík - Ánanaust |
| | **109** | Reykjavík - Jafnasel |
| | **110** | Reykjavík - Sævarhöfði |
| | **112** | Gufunes |
| | **200** | Kópavogur, Dalvegur |
| | **210** | Garðabær (og Hafnarfj), Miðhraun |
| | **270** | Mosfellsbær |
| | **280** | Kjalarnes, Norðurgrund |

**SVÆÐI II**

| | Sorpsamlag / númer stöðvar | Söfnunarstaður - söfnunarstöð |
|---|---|---|
| Svæði II | **Sorpeyðing Suðurnesja** | |
| | **190** | Vogar |
| | **230** | Reykjanesbær |
| | **240** | Grindavík |

**SVÆÐI III**

| | Sorpsamlag / númer stöðvar | Söfnunarstaður - söfnunarstöð |
|---|---|---|
| Svæði III | **Sorpsamlag Vesturlands** | |
| | **300** | Akranes |
| | **320** | Reykholt |
| | **310** | Borgarnes |
| | **360** | Ólafsvík / Hellissandur |
| | **350** | Grundarfjörður |
| | **340** | Stykkishólmur |
| | **370** | Búðardalur |
| | **380** | Reykhólar |

Framhald á næstu síðu…

SVÆÐI IV

| | Sorpsamlag / númer stöðvar | Söfnunarstaður - söfnunarstöð |
|---|---|---|
| Svæði IV | **Funi sorpbrennsla** | |
| | **400** | Ísafjörður |
| | **415** | Bolungarvík |
| | **425** | Flateyri |
| | **470** | Þingeyri |
| | **430** | Suðureyri |
| | **420** | Súðavík |
| | **Vesturbyggð og Tálknafjarðarhr.** | |
| | **450** | Patreksfjörður |

SVÆÐI V

| | Sorpsamlag / númer stöðvar | Söfnunarstaður - söfnunarstöð |
|---|---|---|
| Svæði V | **Sorpsamlag Strandasýslu** | |
| | **510** | Hólmavíkurhreppur |
| | **Húnaþing vestra** | |
| | **530** | Hvammstangi |
| | **500** | Staðarskáli |
| | **Austur Húnavatnssýsla** | |
| | **540** | Blönduós |
| | **545** | Skagaströnd |
| | **Sveitarfélagið Skagafjörður** | |
| | **550** | Sauðárkrókur |
| | **565** | Hofsós |
| | **560** | Varmahlíð |
| | **Siglufjarðarkaupstaður** | |
| | **580** | Siglufjörður |
| | **Sorpeyðing Eyjafjarðar** | |
| | **625** | Ólafsfjörður |
| | **620** | Dalvík |
| | **630** | Hrísey |
| | **600** | Akureyri |
| | **601** | Eyjafjarðarsveit |
| | **610** | Grenivík |
| | **Sorpsamlag Þingeyinga** | |
| | **640** | Húsavík |

**SVÆÐI VI**

| | Sorpsamlag / númer stöðvar | Söfnunarstaður - söfnunarstöð |
|---|---|---|
| Svæði VI | **Raufarhöfn, Kópasker og Þórshöfn** | |
| | **675** | Raufarhöfn |
| | **670** | Kópasker |
| | **680** | Þórshöfn |
| | **Bakkafjörður, Vopnafjörður** | |
| | **690** | Vopnafjörður |
| | **Sorpeyðing Miðhéraðs** | |
| | **700** | Egilsstaðir |
| | **710** | Seyðisfjörður |
| | **720** | Borgarfjörður eystri |
| | **Sorpsamlag Mið-Austurlands** | |
| | **740** | Neskaupsstaður |
| | **735** | Eskifjörður |
| | **730** | Reyðarfjörður |
| | **750** | Fáskrúðsfjörður |
| | **755** | Stöðvarfjörður |
| | **Hornafjörður** | |
| | **780** | Höfn |
| | **765** | Djúpivogur |
| | **781** | Svínafell |

**SVÆÐI VII**

| | Sorpsamlag / númer stöðvar | Söfnunarstaður - söfnunarstöð |
|---|---|---|
| Svæði VII | **Hula bs.** | |
| | **870** | Vík í Mýrdal |
| | **880** | Klaustur |
| | **Sorpstöð Rangárvallasýslu** | |
| | **860** | Hvolsvöllur |
| | **850** | Hella |
| | | |
| | **Sorpstöð Suðurlands** | |
| | **815** | Þorlákshöfn |
| | **810** | Hveragerði |
| | **891** | Reykholt |
| | **845** | Flúðir |
| | **840** | Laugarvatn |
| | **892** | Grímsnes |
| | **893** | Árnes |
| | **800** | Selfoss |
| | **820** | Eyrarbakki |
| | **825** | Stokkseyri |

**SVÆÐI VIII**

| | Sorpsamlag / númer stöðvar | Söfnunarstaður - söfnunarstöð |
|---|---|---|
| Svæði VIII | **Bæjarveitur Vestmannaeyja** | |
| | **900** | Vestmannaeyjar |

## 5.6 Löggiltar bílavogir á Íslandi

| Löggiltar bílavogir á Íslandi - samvæmt skráningu Löggildingarstofu 20.1.2005 | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | **Eigandi** | **Staðsetning vogar** | **Aðsetur eiganda** | **Póstnúmer** |
| 1 | Reykjavíkurhöfn | Grandagarði | | 101 Reykjavík |
| 2 | Hringrás | | Klettagörðum | 104 Reykjavík |
| 3 | Gámaþjónustan | | Súðavogi 2 | 104 Reykjavík |
| 4 | Samskip hf | Holtagörðum v. Holtaveg | | 105 Reykjavík |
| 5 | Mjólkurfélag Reykjavíkur | | Korngörðum 6 | 105 Reykjavík |
| 6 | Eimskipafélag Íslands | | Sundahöfn | 105 Reykjavík |
| 7 | Fóðurblandan hf. | | Korngörðum 12 | 105 Reykjavík |
| 8 | Sementsverksmiðjan | | Sævarhöfða | 112 Reykjavík |
| 10 | Malbikunarstöðin Höfði | Sævarhöfða 6-10 | | 112 Reykjavík |
| 11 | Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins | | Gufunesi | 113 Reykjavík |
| 12 | Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins | | Álfsnesi | 116 Reykjavík |
| 13 | Björgun hf | | Sævarhöfða 33 | 124 Reykjavík |
| 14 | Hafnarsamlag Suðurnesja | | Vogar | 190 Vogum |
| 16 | Hafnarfjaðarhöfn | | Cuxhafengötu | 220 Hafnarfirði |
| 17 | Gámaþjónustan | | Borgarhellu 31 | 220 Hafnarfirði |
| 18 | Hafnarsamlag Suðurnesja | | Víkurbraut 11 | 230 Keflavík |
| 19 | Grindavíkurhöfn | | Víkurbraut 62 | 240 Grindavík |
| 20 | Sandgerðishöfn | | Tjarnargötu 4 | 245 Sandgerði |
| 21 | Gámaþjónusta Akraness | | Kalmansvöllum | 300 Akranesi |
| 22 | Sementsverksmiðjan hf | | Mánabraut 20 | 300 Akranesi |
| 23 | Akraneshöfn | | | 300 Akranesi |
| 24 | Norðurál | | Grundartanga | 301 Akranesi |
| 25 | Íslenska járnblendifélagið | | Grundartanga | 301 Akranesi |
| 26 | Sorpurðun Vesturlands | | Fíflholtum | 311 Borgarnesi |
| 27 | Stykkishólmsbær | | Hafnargötu 6 | 340 Stykkishólmi |
| 28 | Grundarfjarðarhöfn | | Grundarfirði | 350 Gruindarfirði |
| 29 | Hafnarsjóður Snæfellsbæjar | Ólafsvík | | 355 Ólafsvík |
| 30 | Hafnarsjóður Snæfellsbæjar | | Rifi | 360 Rifi |
| 31 | Þörungaverksmiðjan hf | | Reykhólum | 380 Króksfjarðarnesi |
| 32 | Ísafjarðarhöfn | Ísafirði | | 400 Ísafirði |
| 33 | Bolungarvíkurhofn | | Aðalstræti 12 | 415 Bolungarvík |
| 34 | Ísafjarðarhöfn | Flateyri | | 425 Flateyri |
| 36 | Hafnarsjóður Vesturbyggðar | Patreksfjarðarhöfn | | 450 Patreksfirði |
| 37 | Ísafjarðarhöfn | Þingeyri | | 470 Þingeyri |
| 38 | Hólmavíkurhreppur | Hafnarbraut 25 | | 510 Hólmavík |
| 39 | Húnaþing vestra | | Hvammstangahöfn | 530 Hvammstanga |
| 40 | Blönduósbær | | Hnjúkabyggð 34 | 540 Blönduósi |
| 41 | Skagastrandarhöfn | | Túnbraut 1-3 | 545 Skagaströnd |
| 42 | Sveitarfélagið Skagafjörður | Sauðárkróki | | 550 Sauðárkróki |
| 43 | Sveitarfélagið Skagafjörður | Hofsósi | | 565 Hofsósi |
| 44 | Siglufjarðarhöfn | | Hafnarbryggju | 580 Siglufirði |
| 45 | Sorpeyðing Eyjafjarðar | Sorpurðunarsvæði | | 600 Akureyri |
| 46 | Hafnarsamlag Norðurlands | Akureyri | Fiskitanga | 600 Akureyri |
| 47 | Bústólpi | | Strandgötu 63 | 600 Akureyri |
| 48 | Hafnarsamlag Eyjafjarðar | Dalvík | | 620 Dalvík |
| 49 | Hafnarsamlag Eyjafjarðar | Ólafsfirði | | 625 Ólafsfirði |
| 50 | Húsavíkurhöfn | | Ketilsbraut 9 | 640 Húsavík |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 41 | Sveitarfélagið Skagafjörður | | | 564 Hofsósi |
| 42 | Siglufjarðarhöfn | | Hafnarbryggju | 580 Siglufirði |
| 43 | Sorpeyðing Eyjafjarðar | Sorpurðunarsvæði | | 600 Akureyri |
| 44 | Hafnarsamlag Norðurlands | Akureyri | Fiskitanga | 600 Akureyri |
| 45 | Bústólpi | | Strandgötu 63 | 600 Akureyri |
| 46 | Hafnarsamlag Eyjafjarðar | Dalvík | | 620 Dalvík |
| 47 | Hafnarsamlag Eyjafjarðar | Ólafsfirði | | 625 Ólafsfirði |
| 48 | Húsavíkurhöfn | | Ketilsbraut 9 | 640 Húsavík |
| 49 | Vopnafjarðarhreppur | | | 690 Vopnafirði |
| 50 | Seyðisfjarðarkaupstaður | | Hafnargötu 44 | 710 Seyðisfirði |
| 51 | Hafnarsjóður Fjarðarbyggðar | Reyðarfirði | Búðareyri 7 | 730 Reyðarfirði |
| 52 | Hafnarsjóður Fjarðarbyggðar | Eskifirði | Strandgötu 49 | 735 Eskifirði |
| 53 | Hafnarsjóður Fjarðarbyggðar | Neskaupstað | | 740 Neskaupstað |
| 54 | Fáskrúðsfjarðarhöfn | | | 750 Fáskrúðsfirði |
| 55 | Djúpavogshreppur | | Búlandi 3 | 765 Djúpavogi |
| 56 | Hornafjarðarbær | | Hafnarbraut 27 | 780 Höfn |
| 57 | Kjötmjöl ehf | | Austurvegi 56 | 800 Selfossi |
| 58 | Sorpstöð Suðurlands | | Kirkjuferjuhjáleigu | 801 Selfossi |
| 59 | Þorlákshafnarhöfn | | Selvogsbraut 2 | 815 Þorlákshöfn |
| 60 | Sorpstöð Rangárvallasýslu | | | 861 Hvolsvelli |
| 61 | Ísfélag Vestmannaeyja | | Strandvegi 28 | 900 Vestmannaeyjum |
| 62 | Vestmannaeyjahöfn | | Friðarhöfn | 900 Vestmannaeyjum |

Það er misjafnt hve löng og þung ökutæki vogirnar geta vigtað. Þjónustuaðili kynnir sér sjálfur viðkomandi vogir og vogargjöld.

**Ath.:**

Í 5. gr. laga nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu stendur:

„Skylt er að löggilda öll mælitæki sem notuð eru hér á landi til að mæla stærðir sem hafa áhrif á verð eða afgjald í hvers konar viðskiptum með vöru og þjónustu og skatt- og gjaldstofna. "

Til að kanna hvort þessum lagafyrirmælum er framfylgt á hverjum stað á hverjum tíma, þarf að fylgjast með löggildingarmiðanum. Hann er auðfundinn á hverri löggiltri vog.

## 5.7 Skráðir ráðstöfunaraðilar umbúða hjá Úrvinnslusjóði

Í skránni að neðan eru þeir ráðstöfunaraðilar sem eru á skrá Úrvinnslusjóðs þann 1. janúar 2006.
Uppfærða skrá er að finna á vef Úrvinnslusjóðs: **www.urvinnslusjodur.is** .

| **Ráðstöfunaraðilar bylgjupappa og plastfilmu** | |
|---|---|
| **Ráðstöfunaraðilar** | **Staðsetning** |
| Bæjarveitur Vestmannaeyja | Vestmannaeyjar |
| Funi - sorpbrennsla | Ísafjörður |
| Júpiterskurl ehf.<br>(eingöngu bylgjupappi) | Askalind 7, 201 Kópavogur |
| Skaftárhreppur - brennslustöð | Kirkjubæjarklaustri |
| Sorpbrennsla Suðurnesja | Reykjanesbær |
| Sveitarfélagið Hornafjörður | Sorporkustöðin Brennu-Flosi |
| AB Plasta (eingöngu plastfilma) | Savamoriu ave. 180, LT 03154<br>Vilnius, Litháen |
| IL Recycling ab | Stenkolsgatan 7, Gautaborg 41707 Svíþjóð |

# 6. EYÐUBLÖÐ

## 6.1 Umsókn þjónustuaðila til Úrvinnslusjóðs

**Endurnýting umbúða úr plasti**
**Skilmálar ÚRVS-XVIII-02**
**UMSÓKN**

**Til Úrvinnslusjóðs**
**Suðurlandsbraut 24**
**108 Reykjavík**

| | |
|---|---|
| ______________________________ | ____________________ |
| NAFN UMSÆKJANDA | KENNITALA |
| ______________________________ | ____________________ |
| HEIMILISFANG | SVEITARFÉLAG |

Merkja skal í reitina að neðan til staðfestingar þess að tilgreindar upplýsingar fylgi umsókn.

**Almennar upplýsingar**

- ☐ Almennar upplýsingar um fyrirtækið og starfsemi þess.
- ☐ Fjöldi starfsmanna, menntun/reynsla.
- ☐ Upplýsingar um gæðastefnu og/eða gæðavottun, séu þær fyrir hendi.
- ☐ Upplýsingar um umhverfisstefnu fyrirtækisins.
- ☐ Yfirlit yfir helstu verkefni, unnin á sl. 2 árum.
- ☐ Staðfesting á að viðkomandi sé í skilum með opinber gjöld og lífeyrisgreiðslur.
- ☐ Yfirlýsing frá aðalviðskiptabanka um skilvísi í viðskiptum.
- ☐ Yfirlýsing yfirvalda um leyfi til þeirra vinnsluferla sem til stendur að nota.
- ☐ Yfirlýsing yfirvalda um hve mikið magn plastumbúða má vera í hverri starfsstöð á hverjum tíma.

**Upplýsingar er varða verkefnið**

- ☐ Upplýsingar um hvort umsækjandi hyggst vinna að endurnýtingu plastumbúða.
- ☐ Hvernig umsækjandi hyggst vinna verkið.
- ☐ Hvaða tækjabúnað á að nota.
- ☐ Almennar upplýsingar um undirverktaka (ef einhverjir).

Umsóknin ásamt fylgiskjölum verða hluti af samningi þjónustuaðila við Úrvinnslusjóð.

Meðhöndlun umsóknar hjá Úrvinnslusjóði er umsækjanda að kostnaðarlausu.

______________________________
Undirskrift

## SAMNINGSFORM

| Verkkaupi | **Úrvinnslusjóður** | Þjónustuaðili | |
|---|---|---|---|
| Kennitala | **530803-3680** | Kennitala | |
| Heimilisfang | **Suðurlandsbraut 24<br>108-Reykjavík** | Heimilisfang | |
| Sími | **517 4700** | Sími | |
| Myndsendir | **517 4709** | Myndsendir | |
| Netfang | urvinnslusjodur@urvinnslusjodur.is | Netfang | |

Þjónustuaðili skuldbindur sig til að þjóna svæðum númer (krossa við) – sjá kafla 2.1.2 og 0:

| I | II | III | IV | V | VI | VII | VIII |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |

Þjónustuaðilanum er óheimilt að sækja umbúðir á söfnunarstöðvar sem eru á öðrum svæðum.

Mesta magn umbúða sem vera má í starfsstöð(vum) þjónustuaðila, er _________ tonn alls, samanber meðfylgjandi yfirlýsingu yfirvalda.
Framkvæmd skal vera í samræmi við skilmála nr. ÚRVS-XVIII-02.

Fyrir verkið greiðir Úrvinnslusjóður samkvæmt gildandi gjaldskrá sjóðsins á hverjum tíma.

Samningur þessi er gerður í 2 samhljóða eintökum, eitt fyrir hvorn samningsaðila.

Staður og dagsetning ________________________________________

F.h. Úrvinnslusjóðs

______________________

F.h. þjónustuaðila

________________________

Vottar

________________________________ kt. ____________________

________________________________ kt. ____________________

Að samningi gerðum verður nafni þjónustuaðila ásamt upplýsingum um þjónustusvæði bætt á lista sjóðsins á vefsíðunni **www.urvinnslusjodur.is**.

## 6.2 Umsókn ráðstöfunaraðila til Úrvinnslusjóðs

**Endurnýting umbúða úr plasti**
**Skilmálar ÚRVS-XVIII-02**

**Til Úrvinnslusjóðs**
**Suðurlandsbraut 24**
**108 – Reykjavík**

| | |
|---|---|
| Ráðstöfunaraðili | |
| Kennitala | |
| Heimilisfang | |
| Pnr. og nafn bæjar | |
| Land | |
| Forsvarsmaður | |
| Sími | |
| Myndsendir | |
| Netfang | |

Merkja skal í viðeigandi reiti:

- ☐ Umsækjandi hyggst sjálfur vinna að endurnýtingu umbúða úr plasti.
- ☐ Umsækjandi er umboðsaðili erlends endurnýtingaraðila.
- ☐ Óskað er nafnleyndar umbjóðanda umsækjanda.
- ☐ Umbjóðandi umsækjanda er endurnýtingarfyrirtæki.
- ☐ Umbjóðandi umsækjanda er erlendur umboðsaðili sem ráðstafar umbúðunum áfram til 3ja aðila.

Merkja skal í reitina að neðan til staðfestu þess að tilgreindar upplýsingar fylgi umsókn.

**Almennar upplýsingar**

- ☐ Almennar upplýsingar um fyrirtækið og starfsemi þess.
- ☐ Starfsleyfi

**Upplýsingar er varða verkefnið**

- ☐ Hvernig ráðstöfunaraðilinn hyggst endurnýta/endurnota umbúðir.

eða

- ☐ Hvernig hyggst umbjóðandi ráðstöfunaraðila endurnýta/endurnota umbúðir.

______________________________

F.h. ráðstöfunaraðila

Ef gögn teljast fullnægja kröfum Úrvinnslusjóðs mun upplýsingum um ráðstöfunaraðilann verða bætt á lista sjóðsins á vefsíðunni [www.urvinnslusjodur.is](http://www.urvinnslusjodur.is) , nema óskað hafi verið nafnleyndar ráðstöfunaraðila. Þá verður þess einungis getið að ónefndur aðili sé skráður hjá sjóðnum og heimaland hans skráð.

## 6.3 Skilagrein þjónustuaðila

Að neðan er sýnt á hvað formi skal skila upplýsingum um magn sem sótt er á söfnunarstöðvar og til einstakra fyrirtækja. Formið má nálgast sem excel skjal á vef úrvinnslusjóðs, **www.urvinnslusjodur.is**

**Skilagrein þjónustuaðila til Úrvinnslusjóðs vegna plastumbúða - fyrri hluti**

Tímabil: ______________________

**Magn á lager í upphafi tímabils** — Reitur A: 1.800 kg

**Inneign flutningsjöfnunar frá fyrra tímabili** — Reitur B: 5.220 kr

**Safnað** af þjónustuaðila (sótt eða afhent hjá þjónustuaðila) skv. neðangreindu

| Kennitala | Úrgangshafi | Póstnr. | Dags. | Fyrirtæki kg | Söfn.stöð sveitarfél. kg | Samtals kg | Flutningsjöfnun kr/kg | Flutningsjöfnun kr |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 123456-7890 | Ruslakelling ehf | 130 | 01-01-2006 | 12.000 | | 12.000 | 0,15 | 1.800 |
| 555655-5555 | Drasl hf | 280 | 02-02-2006 | | 46.000 | 46.000 | 3,05 | 140.300 |
| 123123-1591 | Við söfnum öllu bs | 350 | 03-03-2006 | 2.800 | 11.900 | 14.700 | 5,59 | 82.173 |
| 221221-2212 | Sankari ehf | 460 | 04-04-2006 | | 8.600 | 8.600 | 4,12 | 35.432 |
| | | | | | | 0 | 0,00 | 0 |
| | | | | | | 0 | 0,00 | 0 |
| | | | | | | 0 | 0,00 | 0 |
| | | | | | | 0 | 0,00 | 0 |
| | | | | | | 0 | 0,00 | 0 |
| | | | | | | 0 | 0,00 | 0 |
| | | | | | | 0 | 0,00 | 0 |
| | | | | | | 0 | 0,00 | 0 |
| | | | | | | 0 | 0,00 | 0 |
| | | | | | | 0 | 0,00 | 0 |
| | | | | | | 0 | 0,00 | 0 |
| | | | | | | 0 | 0,00 | 0 |
| | | | | | | 0 | 0,00 | 0 |
| | | | | | | 0 | 0,00 | 0 |
| | | | | | | 0 | 0,00 | 0 |
| | | | | | | 0 | 0,00 | 0 |
| Samtals | | | | 14.800 | 66.500 | | | |
| **Samtals** | | | | | Reitur C > | **81.300** kg | Reitur D | **259.705** kr |

| | | |
|---|---|---|
| Heildarmagn til ráðstöfunar = magn frá fyrra tímabili + safnað | **83.100** kg | Reitur E = A+C |
| Heildarflutningsjöfnun = Inneign frá fyrra tímabili + áunnin inneign | **264.925** kr | Reitur F = B+D |
| Meðaltal flutningsjöfnunar = Heildarflutningsjöfnun / Heildarmagni til ráðstöfunar | **3,19** kr/kg | Reitur G = F/E |

## Skilagrein þjónustuaðila til Úrvinnslusjóðs vegna plastumbúða - síðari hluti

**Ráðstafað** skv. meðfylgjandi STAÐFESTINGUM

| Kennitala | Ráðstöfunaraðili / móttökustöð | Tegundir umbúða: Plastfilma kg | Stíft plast kg | Frauðplast kg | Annað plast kg | Endurnýtingaraðferð: Endurvinnsla kg | Brennsla kg | Annað kg |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 123456-7890 | Umbi ehf | 24.000 | 24.000 | 12.000 | 19.000 | 79.000 | | |
| 345678-9120 | Brennuvargur sf | | 1.200 | | | | 1.200 | |
| 567891-2456 | Staur hf | | | | 2.500 | 2.500 | | |
| | | | | | | | | |
| | | | | | | | | |
| | | | | | | | | |
| | | | | | | | | |
| Samtals | | 24.000 | 25.200 | 12.000 | 21.500 | 81.500 | 1.200 | 0 |
| **Samtals ráðstafað** | | | | Reitur **H >** | **82.700** | - **82.700** | | |
| | | | | | Mismunur | 0 | | |

**Greiðslur fyrir ráðstöfun pappírsumbúða**

| Ráðstöfun | Magn kg | Einingarverð kr./kg | Upphæð kr. | |
|---|---|---|---|---|
| Plastfilma | 24.000 | 15 | 360.000 | |
| Stíft plast | 25.200 | 15 | 378.000 | |
| Frauðplast | 12.000 | 30 | 360.000 | |
| Annað plast | 21.500 | 15 | 322.500 | |
| Flutningsjöfnun | 82.700 | 3,19 | 263.650 | < J |
| | Samtals | | 1.684.150 | |
| | VSK | 24,5% | 412.617 | |
| | **Samtals** | | **2.096.766** | |

Færist í reit B á næsta uppgjöri
Inneign flutningsjöfnunar
**1.275**
$B_{næst}$ = F - J

**Birgðir**

| Staða | kg | |
|---|---|---|
| Birgðir í upphafi tímabils | 1.800 | A |
| Móttekið á tímabilinu | 81.300 | C |
| Ráðstafað á tímabilinu | 82.700 | D |
| **Birgðir í lok tímabils** $A_{næst}$ = A+C-D = | **400** | |

Færist í reit A á næsta uppgjöri

Undirritun: ______________________